

1553. FUNDUR FLUGRÁÐS

Fimmtudaginn 17. desember 2009 var haldinn fundur í flugráði og var fundur settur kl.14:05.

Viðstödd voru: Gunnlaugur S. Stefánsson, Jens Bjarnason, Árni Gunnarsson, Lárus Atlason og Kristján Sveinbjörnsson. Gísli Baldur Garðarsson og Jóna Kristín Þorvaldsdóttir boðuðu forföll

Frá Flugmálastjórn: Pétur K. Maack og Reynir Sigurðsson.

Frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti: Karl Alvarsson.

Frá Flugstoðum ohf: Árni Birgisson, undir lið 2.

Ritari fundargerðar: Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir.

1. Fundargerðir 1552. fundar flugráðs

Fundargerð 1552. fundar flugráðs lögð fyrir og samþykkt samhljóða.

2. Breyting á brunavörnum á Reykjavíkurflugvelli (skv. ósk Lárusar Atlasonar)

Árni Birgisson fulltrúi Flugstoða ohf. kynnti boðaðar breytingar á brunavörnum á Reykjavíkurflugvelli.

Krafa er gerð á rekstraraðila flugvalla til björgunar- og slökkviaðgerða samkvæmt gr. 9.2 í ICAO viðauka 14 um að tryggja fyrsta viðbragð verði flugslys eða alvarlegt flugatvik. Fyrsta viðbragð er skilgreint í viðauka 14 þannig að fyrstu viðbragðsaðilar eigi að vera komnir á slysstað helst innan tveggja mínútna (hámark þriggja mínútna), með nægilegt slökkvimagnt samkvæmt slökkviflokki flugvallarins og að viðbragðsaðilar eigi að hafa hlotið tilhlýðilega þjálfun til þess að beita tækjabúnaði sem er til staðar og þjálfun í að slökkva elda í loftfari.

Það er ekki gerð krafa samkvæmt viðauka 14 um að rekstraraðilar flugvalla séu með slökkvilið til að sinna þessu fyrsta viðbragði en Flugstoðir ohf. hafa eingöngu úthýst björgunar- og slökkviaðgerðum á flugvöllum í Reykjavík og á Akureyri. Flugstoðir ohf. hafa nú sagt upp samningi sínum við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og hafa gert ráðstafanir til að sinna fyrsta viðbragði samkvæmt kröfum í viðauka 14 við ICAO samninginn með björgunar og slökkviþjónustu sem uppfyllir kröfur til flugvallarins.

Formaður þakkar greinargóða yfirferð.

3. Ný staða varðandi aðlögun að útblásturstilskipun ESB í flugi

Karl Alvarsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Andri Júlíusson frá utanríkisráðuneyti, Sigríður Auður Arnardóttir frá umhverfissráðuneyti og Hrafnhildur Bragadóttir frá Umhverfisstofnun kynntu á síðasta fundi flugráðs ákveðin þáttaskil í málinu þar sem ráðherrar samgöngumála, umhverfismála og utanríkismála Íslands höfðu ákveðið að óska eftir aðlögun fyrir innanlandsflugið á þeim grunnforsendum að fyrir hendi séu aðstæður á Íslandi sem ekki var tekið tillit til í heildarskrifum tilskipunarinnar. Í þessu fólst beiðni um undanþágu fyrir innanlandsflugið frá útblásturskerfi ESB vegna losunar CO₂. Flugráð fagnaði þessu skrefi.

Fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis upplýsti fundarmenn um að í samningaviðræðum framkvæmdastjórnarinnar og þingsins var ákveðið að ekki yrði boðið út nema 15% af kvóta til ársins 2020. Íslensk stjórnvöld ákváðu á þeim grundvelli að óska ekki eftir undanþágu fyrir innanlandsflugið og var, í því ákvarðanatökufæri metið að aðrir hagsmunir vægju þyngra t.d. að óska eftir staðsetningu alls kvóta, sem til verður, á Íslandi strax í upphafi. Hagsmunamat og ákvörðun um að sækja ekki um undanþágu átti sér stað í ráðuneytunum án samráðs við flugráð og/eða aðra hagsmunaaðila.

Fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis benti á að gerðin verður tekin til endurskoðunar árið 2014 og þá með sérstöku tilliti til ey-ríkja auk þess sem settur var fyrirvari um að Ísland áskilur sér rétt til endurskoðunar ef kvótapróscentunni verður breytt í meðförum framkvæmdastjórnarinnar og þingsins.

Bókun flugráðs vegna nýrrar stöðu varðandi aðlögun á útblásturstilskipun ESB í flugi:

Útblásturstilskipun ESB í flugi hefur lengi verið til ítarlegrar umfjöllunar innan flugráðs og áhersla lögð á að óskað yrði eftir undanþágu fyrir íslenskt innanlandsflug frá þátttöku í kerfinu. Vegna aðstæðna á Íslandi, þá er hætt við að íþyngjandi aðgerðir til að draga úr ferðalögum með flugi myndu stuðla að meiri notkun einkabifreiða á lengri leiðum og þar með auka heildarútblastur CO₂ á Íslandi og veikja umferðaröryggi.

Flugráð getur þess vegna ekki mælt með að horfið verði frá fyrri ákvörðun stjórnvalda um að óska eftir aðlögun og undanþágu frá þátttöku í tilskipuninni.

4. Samgöngumiðstöð

Fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sagði frá stöðu mála varðandi byggingu og staðsetningu samgöngumiðstöðvar.

Flugráð ítrekar mikilvægi þess að bygging samgöngumiðstöðvar megi fara af stað sem fyrst.

5. Fjárhagsstaða Flugmálastjórnar Íslands

Flugmálastjóri sagði frá fjárhagsstöðu stofnunarinnar en mikill niðurskurður hefur átt sér stað en ljóst sé að mun meiri gróska er í íslenska fluggeiranum en ef til vill hefði mátt vænta. Þrátt fyrir það er útlit fyrir að heildartekjur stofnunarinnar verði örlítið meiri en heildar kostnaður á árinu 2009. Það sé því mjög mikilvægt að þannig sé að verki staðið að Flugmálastjórn Íslands hafi fjármagn til að standa undir eftirliti sem stenst erlendar úttektir. Stofnunin gætir og ytrasta hagræðis.

Allar stofnanir sæta nú niðurskurði og er í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti verið að leggja áhættumat á það hvenær farið er að ganga á lögbundnar skyldur stofnananna. Þá hafa Flugstoðir ohf. og Keflavíkurflugvöllur ohf. boðað gjaldskrárhækkunar.

Flugráð leggur áherslu á að gjaldskrárhækkunar samgöngustofnana verði ekki umfram verðlagsforsendur og að heildarálögur á flug í landinu í sambandi við boðaðar gjaldskrárhækkunar Flugstoða og Keflavíkurflugvallar verði ekki umfram verðlagsþróun.

6. Flugvernd

Á síðustu tveimur fundum flugráðs hefur staða flugverndarmála á Íslandi verið á dagskrá en Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), Alþjóða flugmálastofnunin ICAO og TSA hafa allar tekið út stöðu flugverndarmála í landinu. Í nýlegri úttekt ESA á Keflavíkurflugvelli voru gefnir þrjú mánuðir til að svara frávikum og rennur sá frestur út 15. janúar 2010. Beindust frávik aðallega að aðgangsstýringum inn á flugvöllinn og inn á skilgreint öryggissvæði innan flugstöðvarinnar sem og skimun farþega inn á öryggissvæði. Ráðstafanir sem gerðar voru um aðgangsstýringu inn á flugvöllinn hafa ekki enn gengið eftir og er vænst aðkomu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og utanríkisráðuneytis að lausn þessa máls.

7. Reglugerðir til umsagnar ráðsins

- Til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 53/2006 um tilkynningarskyldu flugslysja, alvarlegra flugatvika og atvika. Með breytingunni eru innleiddar í íslenskan rétt tvær EB reglugerðir. Annars vegar reglugerð nr. 1321/2007 um reglur um framkvæmd skráningar upplýsinga um atvik í almenningsflugi, sem skiptist er á í samræmi við tilskipun 2003/42/EB, í miðlægt gagnasafn og hins vegar reglugerð nr. 1330/2007 um reglur um framkvæmd miðlunar upplýsinga til hagsmunaaðila um atvik í almenningsflugi sem um getur í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/42/EB. Í báðum felst því nánari útfærsla á tilskipun 2003/42/EB um tilkynningu atvika í almenningsflug.
- Til umsagnar drög að reglugerð um flugsýningar sem koma til með að leysa af hólmi reglugerð nr. 442/1976 um flugsýningar og flugkeppni. Gildandi reglugerð nr. 442/1976 er orðin úrelt og þarfnáðist endurskoðunar með tilliti til nýrra krafna í öðrum reglugerðum, svo sem flugvallareglugerð nr. 464/2007. Reglugerðin hefur lagastoð í 3. mgr. 76. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og tekur til hverskonar auglýstra flugsýninga sem opnar eru almenningi og fara fram á íslensku yfirráðasvæði með íslenskum eða erlendum loftförum.
- Til umsagnar drög að endurskoðaðri reglugerð um fallhlífarstökk sem fellir úr gildi reglugerð nr. 440/1976 sama efnis, með síðari breytingum. Reglugerðin hefur lagastoð í 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Flugráð gerir ekki athugasemdir við drögin enda munu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Flugmálastjórn Íslands komast að ásættanlegri niðurstöðu varðandi 3. gr. draga að reglugerð um fallhlífarstökk.

8. Önnur mál:

Endurskipulagning samgöngustofnana.

Flugmálastjóri lagði fram minnisblað til flugráðs um „Endurskipulagningu samgöngustofnana – Verkefnisáætlun“ dagsett 17. desember 2009.

Flugminjasafnið á Hnjóti

Flugmálastjóri sagði frá því að Flugmálastjórn Íslands mun skila Flugminjasafninu á Hnjóti þann 20. desember 2009 til afkomenda stofnanda.

1553. fundi flugráðs var slitið kl 16.25.

Næstu fundur flugráðs áætlaður fimmtudaginn 4. febrúar 2010.

Gunnlaugur S. Stefánsson
formaður

Gísli Baldur Garðarsson
varaformaður

Árni Gunnarsson

Jens Bjarnason

Lárus Atlason

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Pétur K. Maack
flugmálastjóri

Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir
ritari